

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2494  
komudagur 22.5.2004

22. maí 2004

Sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Umsögn vegna þskj. 1664 996. mál.  
Frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Eftirfarandi er afgreiðsla síðasta aðalfundar Árborgar, félags smábátæigenda á suðurlandi um umrætt mál.

1. Árborg beinir þeim tilmælum til aðalfundar L.S. að barist verði fyrir því að dagabátar megi hefja veiðar 1. mars í stað 1. apríl eins og nú er.

Þetta er nauðsynlegt vegna þess að við suðurströndina eru veiðar bannaðar í hrigningarstoppi sem stendur megnið af apríl og fljótlega eftir það gengur allur þorskur af miðunum, það er því nauðsynlegt fyrir þá sem vilja landa afla sínum í heimahöfn við suðurströndina að fá mars inn í veiðitímabilið.

2. Félagsmenn í Árborg lýsa stuðningi við baráttu L.S. fyrir viðunandi gólfí í fjölda daga hjá dagabátum.

Þorlákshöfn 14. apríl 2004

Virðingarfyllst  
Þorvaldur Garðarsson  
Formaður Árborgar.